

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Xu Wen  
sópran

Anna Rún Atladóttir  
píanó

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 20. ágúst 2002 kl. 20:30

**Xu Wen** nam ung að árum kínverskan óperusöng, leiklist, dans og skýlm-ingar við Huangmei Óperuskólann í Anhui fylki í Kína. Hún var fastráðin við Huangmei óperuna 1986–1988 og hefur sungið aðalhlutverk í fjölmörg-um kínverskum óperum. Árið 1987 vann hún til verðlauna í kínverskri óperusöngkeppni í Anhui fylki í Kína.

Xu Wen fluttist til Íslands árið 1989 og hóf nám í vestrænum söng hjá Elísabetu Erlingsdóttur við söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík og lauk þaðan einsöngvaraprófi með ágætiseinkunn vorið 1997. Hún stundaði fram-haldsnám í London hjá óperusöngkonunni Joy Mammen og píanóleikaranum Geoffrey Pratley, sem bæði eru prófessorar við The Royal Academy of Music í London. Nýleg óperuhlutverk Xu Wen eru Papagena í *Töfraflaut-unni* í Íslensku óperunni, Súsanna í *Brúðkaupi Figaros* og Despina í *Cosi fan tutte* við Óperustúdíó Austurlands. Sem söngvari hefur hún komið fram í sjónvarpi hér heima og einnig í Kína. Hún hefur sungið með Sinfóníu-hljómsveit Íslands og komið fram sem einsöngvari með ýmsum kórum, m.a. í *Messias* eftir Händel, *Jólaóratoríunni* eftir J.S. Bach, *Messe Solennelle* eftir Rossini og *Elijah* eftir Mendelssohn. Síðastliðið haust lék Xu Wen hlutverk Wein í kvikmyndinni *Maður eins og ég* og um svipað leyti lék hún í kvikmyndinni *Hafið*.

**Anna Rún Atladóttir** hóf fiðlunám 6 ára og píanónám 7 ára. Hún lærði jöfnum höndum á bæði hljóðfærin og vorið 1992 útskrifaðist hún með fiðlukennarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og píanókennarapróf þremur árum síðar. Anna Rún stundaði framhaldsnám í London frá 1994 við Trinity College of Music og The London College of Music and Media, þaðan sem hún lauk einleikaraprófi á píanó og MMus gráðu í píanóundirleik (Piano Accompaniment). Aðalkennarar hennar í London voru m.a. Carola Grindea og Geoffrey Pratley. Anna Rún hefur komið fram sem píanóleikari, fiðlu-leikari og undirleikari bæði með söngvurum og hljóðfæraleikurum hérlendis og í Englandi. Hún starfaði sem hljóðfærakennari og undirleikari í Oxford, Cambridge og London frá 1997 þar til hún flutti aftur heim til Íslands árið 2000.

Anna Rún starfar nú sem undirleikari hjá Söngskólanum í Reykjavík og sem fiðlukennari við Tónmenntaskólann í Reykjavík.

## Efnisskrá

Maurice Ravel  
1875 – 1937

Fimm grísk þjóðlög  
Cinq melodies populaires Grecques  
1 Le Réveil de la Mariée  
2 La-bas, vers l'église  
3 Quel gallant m'est comparable  
4 Chanson des cueilleuses de lentisques  
5 Tout gai!

Gabriel Fauré  
1845 – 1924

Nell op. 18 nr. 1  
Automne op. 18 nr. 3  
Clair de lune op. 46 nr. 2

Sigvaldi Kaldalóns  
1881 – 1946

Betlikerlingin  
Leitin

Kínverskt þjóðlag  
frá Yunnan héraði

Litli lækurinn

Kínverskt þjóðlag  
frá Qinghai héraði

Árstíðirnar fjórar

Giacomo Puccini  
1858 – 1924

Tu che di gel sei cinta  
aríá Liù úr óperunni Turandot

Giuseppe Verdi  
1813 – 1901

Caro Nome  
aríá Gildu úr óperunni Rigoletto

Charles Gounod  
1818 – 1893

Ah! Je veux vivre  
aríá Júlíu úr óperunni Rómeó og Júlía